

Hjólreiðadeild Vestra óskar eftir fundi með bæjarráði, til þess að kynna hugmyndir deildarinnar að uppbyggingu á pumpuleikbraut, sjá fylgiskjal. Deildin óskar eftir viðræðum um frekari aðstoð með fjármögnun og framkvæmd verksins. Samkvæmt kostnaðaráætlun þá kostar framkvæmdin 22,6 mkr, búið er að fjármagna um 6,8 mkr og útaf standa 15,8 mkr ófjármagnaðar.

Markmið með framkvæmdinni er að

1. Stuðla að aukinn útiveru og hreyfingu barna og unglinga
2. Glæða lúíð og ljótt svæði lífi. Svæðið sem til stendur að nota undir pumpuleikbrautina er mjög áberandi stað þegar keyrt er inni í bæinn. Það er í mikilli órækt og illa hirt.
3. Vekja eftirtekt og stimpla Ísafjörð inn sem hjólabæinn. Malbikuð pumpuleikbraut yrði fyrsta sinnar tegundar á Íslandi og hún mun vafalaust vekja mikla eftirtekt um allt land og draga að sér Íslendinga í sumar.

### **Lýsing á verkefni:**

Byggja um 1000 fm malbikaða pumpuleikbraut á lóð Ísafjarðar við Grænararð. Pumpu brautin er hugsuð sem leik og samverusvæði fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þar sem hægt er að leika sér á á hlaupahjólum, hjólaskautum, hjólabretti og hjólum. Svissneska fyrirtækið Velosolution var fengið til þess að hanna brautina, koma til landsins og stýra framkvæmdinni.

### **Kostnaðaráætlun**

Hönnun og áæltunargerð Velosolutions	1,360,000 kr
Kostnaður Velosolution	6.970,000 kr
Vinna	3,600,000 kr
VélaVinna	6,240,000 kr
Efni	3,946,106 kr
Annað ófyrirséð 500,000 kr	
<b>Samtals</b>	<b>22,616,106 kr</b>

### **Fjármögnun**

Uppbyggingasamningur	1,800,000 kr
Lausafé Vestra, (sem verður aflað í sjálfboðaliðavinnu)	5.000,000 kr
<b>Samtals</b>	<b>6,800,00 kr</b>

## Tímarammi

1.júní - 5.júli+ Malbikunarstöð í Dýrafirði. Framkvæmdin tekur um 2 vikur. Stefnan er að vinna verkið frá 16.júní til 30.júní.

## Vinnan í vetur/fjármögnun

Eins og fram hefur komið hefur fjármögnunin gengið hægt, óljós svör um uppbyggingasamning hægðu töluvert á því að stjórn hjólreiðadeildarinnar færi af stað og leitaði að styrkjum fyrir framkvæmdinni.

- Hjólreiðadeild Vestra sótti um uppbyggingasamning í lok ágúst 2019. Samningarnir voru ekki teknir fyrir hjá íþróttta og tómsbundanefnd fyrr en 4.mars 2020. Enn í dag er ekki búið að ganga frá samningnum.
- Við fjármögnun framkvæmdarinnar hefur hjólreiðadeildinni ítrekað verið bent á að leita til hverfisráða. Svör forsvarsmanna Hverfisráðanna hafa verið óljós,

það er Upplifun hj.d.Vestra er að það er ekki hlaupið að því að koma hugmynd á framfæri til hverfisráða, kynna hugmyndina og standa með henni. Félagsfundir hverfisráða eru ekki auglýstir fyrir bæjarbúum á heimasíðu Ísafjarðarbæjar eins samþykktir segja til um heldur líklega á lokuðum síðum á facebook.

Nú gefa forsvarsmenn hverfisráðanna þau svör að ekki megi styrka verkefni sem snúist um uppbyggingu á íþróttamannvirki, og ekki megi styrkja verkefni sem hefur hlotið uppbyggingarsamning við Ísafjarðarbæ. Skv. samþykktum hverfisráðanna þá virðist þetta ekki standast. Ef rennt er í gegnum fundargerðir aðalfunda hverfisráða sést að fordæmi eru fyrir því að hverfisráð leggi fjármagn í uppbyggingu á leiksvæðum sem tengjast íþróttum. Skv fundargerðum hverfisráðanna eru fordæmi fyrir því og má þar nefna að fjármagn hefur verið notaðir í uppbyggingu á körfuboltavöllum

- Hjólreiðadeildin óskaði einnig eftir afnotum af lóð Ísafjarðarbæjar sem tekið var fyrir á 530. fundi skipulags og mannvirkjanefndar 27.11.2019.. Afgreiðsla nefndarinnar var eftirfarandi *“Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að leggja fram drög að afnotasamningi um það svæði sem tilheyrir Ísafjarðarbæ”*.  
Ekki hefur enn fengist formlegt leyfi fyrir notkun á lóðinni.

Í ljós þess hve tíminn er knappur og það verður malbikunarstöð á svæðinu í sumar er það mikið kappsmál hjólreiðadeildarinnar að koma þessari framkvæmd af stað og er leitast eftir frekari stuðnings frá bænum svo pumpuleikbrautin geti orðið að þjónað börnum unglíngum og öðrum bæjarbúum í sumar.

Íþróttafélagið Vestri  
Torfnesi  
400 Ísafjörður



**ÍSAFJARÐARBÆR**

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Ísafjörður, 18. febrúar 2019  
2019010058

**Efni : Umsókn um afnot af svæði til hjólréiða**

Á 514. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 13.02.2019 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Á 513. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar var eftirfarandi erindi tekið fyrir.

Reiðhjóladeild Vestra sækir um afnot af svæði til þess að byggja upp æfingaaðstöðu fyrir hjólréiðar o.fl. sambærilegar íþróttir s.s. hjólabretti, hlaupahjól og línuskauta. Þrjár staðsetningar koma til greina þ.e. á milli lóðar Grænagarðs fyrrum Eyrarsteypu og Seljalandsbrekku.

Annar valkostur er innan við Tjaldsvæðið í Tungudal. Þriðji valkostur er við skíðasvæði í Tungudal.

Fylgigögn eru undirrituð umsókn og greinargerð.

Nefndin óskaði eftir fundi með Nanný Örnú varðandi umsókn Vestra.

Bókun nefndarinnar:


*Nefndin tekur jákvætt í erindi Vestra, en bendir á að fyrsti valkostur getur verið háður takmörkunum m.t.t. vegalaga nr. 80/2007. Nefndin bendir á fleiri valkosti s.s. við skátaheimili Dyngju og neðan Vegagerðar í Dagverðardal. Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindi til starfshóps um framtíðarskipulag útivistarsvæðis Tungudals og Skíðasvæðis.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Byggðastofnun á hluta lóðarinnar, - pump trackið myndi vera á lóð Ísafjarðarbæjar.





Hjólagarður á Grænagarði

**Kortatákn**

 Hjólbraut

0 10 20 30 Metrar

